



Reglur um Akstursíþróttamenn ársins

Í lok hvers keppnistímabils er útnefndur Akstursíþróttamaður og Akstursíþróttakona ársins.

Verðlaunin eru veitt einstaklingum sem taldir eru hafa skarað framúr á einhverju sviði akstursíþróttanna. Þar er ekki endilega um að ræða þá sem náð hafa bestum árangri í einstökum keppnum eða meistarakeppni, heldur þá einstaklinga sem sýnt hafa frábæran árangur og almennt verið til fyrirmyndar.

Útnefning:

1. Keppnisráð í hverri grein getur útnefnt einn karl og eina konu og skal skila til AKÍS fjórum vikum fyrir Formannafund AKÍS ásamt rökstuðningi fyrir því vali.
2. Opnað verður fyrir almenna netkosningu þar sem allir landsmenn geta greitt atkvæði einu sinni. Kosið er um þá keppendur sem keppnisráð útnefndi. Netkosningu lýkur einni viku fyrir Formannafund AKÍS og tveir efstu úr netkosningu af hvoru kyni komast áfram.
3. Stjórn AKÍS getur bætt við einum af hvoru kyni.
4. Formenn aðildarfélaganna AKÍS velja Akstursíþróttakar og Akstursíþróttakonu ársins á Formannafundi AKÍS.

Úrslit skulu ekki birt fyrr en á verðlaunaafhendingu meistaratitla.

Samþykkt af stjórn AKÍS 20. nóvember 2018.